

27
15. júní

LÖG

um

viðauka við lög nr. 55, 27. júní 1921, um skipulag kaupþúna og sjávarþorpa.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmari, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 9. gr. batist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Frá því stjórnarráðið hefir ákveðið, að gera skuli skipulagsupprátt og til þess honum er lokið, skal bæjar- eða hreppsstjórn skylt að leita umsagnar skipulagsnefndar um öll meiri háttar skipulagsatriði, svo sem nýjar götur og opin svæði, opinberar byggingar og meiri háttar mannvirki, sem áformað er að gera, svo framarlega, sem vafi getur leikið á, hvar eða hvernig þau skuli sett. Ef ekki næst samkomulag milli bæjar eða hreppsstjórnar og skipulagsnefndar um einhver atriði, má ekki byrja á verkinu fyr en fenginn er úrskurður stjórnarráðsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.